

# Fundur í foreldraráði, foreldrafélags FSH 12.mars, 2009

Mættar voru; Elín, Árninna og Helga

Fjarverandi; Viðar, Fanney, Rikka og Elfa

- ✓ Rætt hverjir eru aðilar að félaginu. Ákveðið var að allir foreldrar og forráðamenn nema undir 20 ára séu aðilar nema þeir óski annars.
- ✓ Umræða um málefni foreldra og barna svona almennt.
- ✓ Ninna er áfram í bankamálum og sækir um kennitölu til Hagstofu fyrir foreldrafélagið svo stofna megi bók, samskot stjórnarfólks til að greiða fyrir það (5000)
- ✓ Helga talar við Pál Kerfisstjóra og kemur til hans efni.
- ✓ Helga skrifar bréf sem senda á veitinga og skemmtistaðastjórum og lögreglu sem varðar „menningu“ barna undir lögdri í bænum.
- ✓ Elín tekur saman í bréf til skólayfirvalda um þætti sem okkur þykir þurfa að impra á og komu fram í „hlustað á nemendur“ í nóv 2008
  - Notkunarmöguleikar tölvunnar – auka verkefnaskil á netinu – notkun tölvunnar í tímum, gæti hún verið meiri til náms?
  - Hvers vegna íþróttaiðkun er ekki metin til eininga eins og listir, tónlist ?
  - Tímasókn , Metin t.d. seinkoma (t.d. 15 mín )og síðan fjarvist eftir það.
  - Forföll kennara mætti e.t.v. láta vita á meili til nemenda t.d. kl. 7:30 þegar kennari er veikur.
  - Námsmat hafa meira símat. Koma til móts við prófkvíða.
  - Skápar, læstir undir gögn, bækur nemenda.
- ✓ Skiptum á milli okkar nokkrum handahófsvöldum framhaldsskólum á landinu og skoðum hvernig skólasóknarreglur eru annarsstaðar.

Næsti fundur er 2. Apríl 2009 kl 18:00